

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-nóvember 2009

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrstu ellefu mánuði ársins 2009 liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu er handbært fé frá rekstri neikvætt um tæpa 123 ma.kr., sem er 130,1 ma.kr. lakari útkoma en á sama tímabili í fyrra. Tekjur reyndust 25,1 ma.kr. minni en í fyrra á meðan gjöldin jukust um 91,4 ma.kr.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar-nóvember 2005-2009

	Í milljónum króna				
	2005	2006	2007	2008	2009
Innheimtar tekjur	360 791	338 507	389 404	392 733	367 629
Greidd gjöld	279 860	284 909	328 012	392 519	483 921
Tekjujöfnuður	80 931	53 598	61 391	214	-116 291
Söluhagn. af hlutabr. og eignahl.	-58 088	- 384	- 33	- 40	-
Breyting viðskiptahreyfinga	-1 382	-1 182	-7 809	7 128	-6 533
Handbært fé frá rekstri	21 461	52 031	53 550	7 302	-122 824
Fjármunahreyfingar	48 960	-2 138	-67 660	-37 286	35 860
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	70 420	49 893	-11 484	-29 984	-86 964
Afborganir lána	-61 597	-44 583	-33 828	-45 490	-99 172
Innanlands	-14 089	-21 710	-22 496	-30 019	-72 823
Erlendis	-47 508	-22 873	-11 332	-15 471	-26 349
Greiðslur til LSR og LH	-5 132	-3 650	-3 650	-3 650	-
Lánsfjárfjöfnuður, brúttó	3 691	1 660	-48 961	-79 124	-186 136
Lántökur	7 734	21 587	63 392	145 286	172 862
Innanlands	7 734	21 345	63 207	101 712	165 302
Erlendis	-	242	185	43 574	7 560
Breyting á handbæru fé	11 425	23 248	14 430	66 162	-13 274

Innheimtar tekjur ríkissjóðs á fyrstu ellefu mánuðum ársins voru tæpir 368 ma.kr. sem er 25 ma.kr. minna en á sama tíma árið 2008. Tekjurnar eru meiri en í áætlun fjárlaga en hún hljóðaði upp á rúma 354 ma.kr. fyrir þetta tímabil. Þar var þó ekki reiknað með þeim viðbótar tekjuöflunaraðgerðum sem gripið var til í maí og júní til að bregðast við miklum tekjusamdrætti í byrjun ársins. Aðgerðirnar hafa skilað þeim árangri að frávík tekna frá áætlun hefur skipt um formerki og orðið jákvætt, nú þegar aðeins vantar upplýsingar um innheimtu desembermánaðar. Í áætlun fjárukalaga er þó reiknað með að skatttekjur ársins í heild verði minni en í áætlun fjárlaga, en heildartekjur meiri sem nemur 13 ma.kr. á greiðslugrunni. Þótt mikið muni um áhrif viðbótaraðgerðanna, og þá einkum flýtingar á skilum skatts af fjármagnstekjum ársins 2009, skýrist þróun frávíksins frá áætlun einnig af því að mestur þungi samdráttar einkaneyslu virðist hafa átt sér stað fyrr á árinu heldur en

reiknað var með þegar tekjuáætlun fjárlaga var dreift á mánuði ársins, auk þess sem samdrátturinn stefnir í að verða nokkru minni á árinu í heild en þá var spáð.

Tekjur ríkissjóðs janúar-nóvember 2007-2009

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2007	2008	2009	2007	2008	2009
Skatttekjur og tryggingagjöld	353 502	354 181	321 854	12,1	0,2	-9,1
Skattar á tekjur og hagnað	124 371	133 806	123 673	16,0	7,6	-7,6
Tekjuskattur einstaklinga	76 003	79 592	74 134	9,2	4,7	-6,9
Tekjuskattur lögaðila	25 016	22 699	11 921	10,1	-9,3	-47,5
Skattur á fjármagnstekjur	23 352	31 516	37 617	56,7	35,0	19,4
Eignarskattar	10 525	7 164	4 367	27,5	-31,9	-39,0
Skattar á vöru og þjónustu	174 962	166 617	144 339	9,1	-4,8	-13,4
Virðisaukaskattur	123 046	117 634	98 375	10,7	-4,4	-16,4
Vörugjöld af ökutækjum	9 833	7 265	1 643	3,3	-26,1	-77,4
Vörugjöld af bensíni	8 576	8 157	10 235	1,1	-4,9	25,5
Skattar á olíu	6 723	6 774	6 627	10,8	0,8	-2,2
Áfengisgjald og tóbaksgjald	10 745	10 892	12 447	4,9	1,4	14,3
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	16 040	15 894	15 013	8,0	-0,9	-5,5
Tollar og aðflutningsgjöld	5 233	5 462	4 524	26,7	4,4	-17,2
Aðrir skattar	2 763	3 518	7 073	68,2	27,3	101,1
Tryggingagjöld	35 649	37 614	37 879	5,4	5,5	0,7
Fjárframlög	1 008	348	440	-25,1	-65,5	26,6
Aðrar tekjur	27 936	35 416	44 833	34,4	26,8	26,6
Sala eigna	6 957	2 787	511	-	-	-
Tekjur alls	389 404	392 733	367 639	15,0	0,9	-6,4

Skatttekjur og tryggingagjöld námu 322 ma.kr. sem er 9,1% samdráttur að nafnvirði eða 22,1% að raunvirði miðað við hækkun almenns verðlags (VNV án húsnæðis). Skattar á tekjur og hagnað námu 124 ma.kr. og drógust saman um 7,6% að nafnvirði og 20,7% að raunvirði samanborið við fyrstu ellefu mánuði ársins 2008. Það ber að hafa í huga að breyttar reglur um skil á fjármagnstekjuskatti skekkja samanburð milli ára.

Bókfærður tekjuskattur einstaklinga var 8,1 ma.kr. í mánuðinum. Þar af voru 293 milljónir króna 8% viðbótarskattur á mánaðartekjur yfir 700 þús.kr. sem gildi tók 1. júlí sl. Tekjuskattur lögaðila nam -0,1 ma.kr. í nóvember, þar sem endurgreiðslur til aðila sem ofgreitt höfðu skattinn í fyrirframgreiðslum fyrr á árinu vógu þyngra en innborganir í mánuðinum frá hinum sem stóðu í skuld við ríkissjóð eftir álagningu. Innheimtur fjármagnstekjuskattur var einnig neikvæður eins og venja er í nóvember, þegar fjármagnstekjuskattur sem dreginn hefur verið af lögaðilum í staðgreiðslukerfinu gengur upp í álögð gjöld þeirra skv. álagningu sem liggur fyrir í lok október. Þessi fjárhæð nam 5,8 ma.kr. í nóvember. Eindagi skila á staðgreiðsluskyldum fjármagnstekjuskatti 3. ársfjórðungs var 5. nóvember og innheimtust 2,4 ma.kr. Loks námu innborganir frá einstaklingum á eftirágreiddum skatti af fjármagnstekjum ársins 2008 tæpum einum milljarði kr. Innheimta fjármagnstekjuskatts var

Því neikvæð um 2,5 ma.kr. í nóvember og stendur innheimtan það sem af er árinu í 37,6 ma.kr. Eignarskattar námu 0,4 ma.kr. í nóvember og 4,4 ma.kr. alls frá ársbyrjun.

Innheimta skatta á vöru og þjónustu nam rúmum 144 ma.kr. á tímabilinu og dróst saman um 13,4% að nafnvirði á milli ára eða 25,7% að raunvirði (m.v. hækkun VNV án húsnæðis). Virðisaukaskattur, sem er stærsti hluti veltuskattanna, nam 5,0 ma.kr. í nóvember. Frá upphafi ársins hefur virðisaukaskattur alls skilað rúmum 98 ma.kr. í ríkissjóð sem er 19 ma.kr. minna en á sama tíma 2008. Samdrátturinn nemur 16,4% að nafnvirði og 28,3% að raunvirði. Eins og myndin sýnir er þó mesti samdrátturinn í innheimtu virðisaukaskattsins að baki. Hann nam mest rúmlega 40% á þann mælikvarða sem þarna er sýndur, sem er hlaupandi 6 mánaða meðalinnheimta, en án leiðréttingar fyrir gjalddagabreytingum virðisaukaskatts í tolli sem höfðu einkum neikvæð áhrif á maímánuð. Í nóvember var innheimtur virðisaukaskattur af innflutningi í september-október og frá því dregst innskattur og hinar ýmsu endurgreiðslur. Á þessu ári hefur mestur hluti innheimts virðisaukaskatts verið af sölu vöru og þjónustu innanlands en mun minna af innflutningi en í fyrra. Tveggja mánaða sveiflan í innheimtunni hefur því verið þannig í ár að í febrúar, apríl, júní, ágúst og október hefur innheimtan verið talsvert meiri en í hinum mánuðum.



Þeir óbeinu skattar aðrir sem mestu hafa skilað ríkissjóði í tekjur á árinu eru vörugjöld af bensíni og díselolíu (16,9 ma.kr.) og áfengis- og tóbaksgjöld (12,5 ma.kr.) Vörugjöld af bensíni hafa aukist um 25,5% að nafnvirði á milli ára og virðist bensínsala vera jafnmikil og á sama tíma fyrra eða jafnvel ívið meiri. Gjöld á bensín og olíu voru hækkuð um 12,5% undir lok árs 2008 og aftur í lok maí 2009. Samdráttur í akstri díselbíla hefur hins vegar verið mikill og eru tekjur af olíugjaldi aðeins 1,5% meiri en í fyrra. Tekjur af tollum og aðflutningsgjöldum námu 4,5 ma.kr. og tekjur af tryggingagjöldum 37,9 ma.kr. Tryggingagjald var hækkað úr 5,34% í 7,00% þann 1. júlí sl. og má lauslega áætla að samdráttur undirliggjandi skattstofns sé tæp 9% í janúar-nóvember miðað við sama tíma í fyrra.

Aðrar rekstrartekjur ríkissjóðs (aðrar en skatttekjur og fjárframlög) hafa aukist talsvert miðað við fyrra ár og voru tæpir 45 ma.kr. í janúar-nóvember sem er rúmlega fjórðungs aukning að nafnvirði. Þetta skýrist af meiri vaxtatekjum en í fyrra, bæði af endurlánum og lausu fé. Tekjur af sölu eigna eru hins vegar aðeins 0,5 milljarðar kr. það sem af er árinu og hafa ekki verið minni í meira en áratug.

Greidd gjöld námu 483,9 ma.kr. og jukust um 91,4 ma.kr. frá fyrra ári, eða 23,3%. Milli ára jukust vaxtagjöld ríkissjóðs mest eða 45,2 milljarða. Þá hækkuðu útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála um 23,6 ma.kr. sem skýrist að mestu með 20,7 ma.kr. hækkun útgjalda Atvinnuleysistryggingasjóðs, 3,4 ma.kr. hækkun á vaxtabótum og 1,2 ma.kr. hækkun á barnabótum. Útgjöld til heilbrigðismála aukast um 6,5 ma.kr. milli ára þar sem útgjöld til Sjúkratrygginga skýra 7,7 ma.kr. Útgjöld til menntamála aukast um 3,3 ma.kr. þar sem útgjöld til Lánasjóðs íslenskra námsmanna aukast um 1,4 ma.kr. milli ára og útgjöld til framhaldsskóla um 1,4 ma.kr. Óregluleg útgjöld aukast um 2,5 ma.kr. milli ára sem skýrist að mestu með greiddum fjármagnstekjuskatti ríkissjóðs sem eykst um 3,4 ma.kr. Útgjöld til löggæslu, réttargæslu og öryggismála aukast um 1,7 ma.kr. milli ára þar sem fjárfesting Landhelgisjóðs í varðskipi og flugvél skýra hækkunina að langstærstu leyti. Útgjöld til menningar-, íþróttá- og trúmála aukast um 1,6 ma.kr. milli ára þar sem útgjöld til RÚV skýra 591 m.kr., Kvikmyndamiðstöðvar Íslands 310 m.kr. og viðhald og stofnkostnaður menningarstofnana 234 m.kr. Breytingar í öðrum málaflokkum eru svo minni en þær sem áður hafa verið taldar.

Gjöld ríkissjóðs janúar-nóvember 2007-2009

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %	
	2007	2008	2009	2008	2009
Almenn opinber þjónusta	41 349	50 443	101 297	22,0	100,8
þar af vaxtagreiðslur	12 300	14 137	59 334	14,9	319,7
Varnarmál	842	991	1 401	17,7	41,4
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	14 473	17 733	19 392	22,5	9,4
Efnahags- og atvinnumál	46 869	60 094	60 733	28,2	1,1
Umhverfisvernd	3 550	4 025	4 016	13,4	-0,2
Húsnæðis- skipulags- og veitumál	401	488	585	21,7	19,8
Heilbrigðismál	85 439	97 600	104 321	14,2	6,9
Menningar- íþróttá- og trúmál	14 171	15 359	16 921	8,4	10,2
Menntamál	34 930	39 014	42 396	11,7	8,7
Almannatryggingar og velferðarmál	78 178	98 229	121 806	25,6	24,0
Óregluleg útgjöld	7 809	8 544	11 052	9,4	29,4
Gjöld alls	328 012	392 519	483 921	19,7	23,3

Lánsfjárfjöfnuður ríkissjóðs var neikvæður um 186,1 ma.kr. í janúar-nóvember á móti 79,1 ma.kr. neikvæðum lánsfjárfjöfnuði á sama tíma í fyrra. Hreinn lánsfjárfjöfnuður var neikvæður um tæpa 87 ma.kr. og versnar um 57 ma.kr. milli ára sem skýrist með verri rekstrarafkomu ríkissjóðs. Frá áramótum hefur ríkissjóður selt ríkisbréf fyrir um 170 ma.kr. en lækkað stöðu ríkisvixla um 4,3 ma.kr. Þá tók ríkissjóður lán frá Færeijum í mars að

fjárhæð 300 milljónir danskra króna, jafnvirði 6,4 milljarða íslenskra króna. Afborganir námu 99,2 ma.kr. og er þar að stærstum hluta um að ræða innlausn ríkisbréfaflokka á gjalddaga í júní að fjárhæð 70,7 ma.kr. en ennfremur greiddi ríkissjóður upp erlend lán á gjalddaga fyrir um 26,3 ma.kr.